



KUBB REGLUR

Einstaklingar eða tvö lið geta spilað KUBB. Best er að leika á grasi eða möl.

LEIKURINN INNIHELDUR 1 kóng, 10 kubba og 6 kastkefli.

MARKMIÐ LEIKSINS er að fella alla kubba andstæðinganna og síðan kónginn með kastkeflunum.

UNDIRBÚNINGUR Afmarkið völl – 10 x 5 metrar er hæfileg stærð. Setjið kónginn á miðjan völlinn og 5 kubba með reglulegu millibili meðfram hvorri grunnlínu.

LEIKREGLUR

Sá sem kastar stendur alltaf einhvers staðar á eigin grunnlínu. Keflunum verður að kasta lóðréttum með undirhandakasti.

Einn úr hvoru liði kastar kefli eins nálægt kónginum og hægt er án þess að hitta hann. Liðið sem á keflið sem lendir nær kónginum byrjar leikinn.

Markmiðið er nú að fella eins marga kubba andstæðinganna og mögulegt er með því að nota kastkeflin 6.

Þegar búið er að kasta öllum 6 keflunum, á hitt liðið leik. Liðsmenn taka felldu 'færanlegu' kubbanda og kasta þeim frá grunnlínunni yfir á helming andstæðinganna. Kubbandarnir verða að lenda á vellinum. Þeir eru síðan settir í upprétta stöðu þar sem þeir lenda. Liðið sem á að kasta má gera tvær tilraunir til að láta hvern kubb lenda á leikvellinum. Ef það mistekst má hitt liðið setja kubbanda þar sem þeir vilja innan vallarins en þeir verða þó að vera a.m.k. í keflislengd frá kónginum.

Lið nr. 2 kastar nú keflunum og fellir kubbanda. Ekki má fella kubbanda á grunnlínunni fyrr en búið er að fella alla færanlegu kubbanda. Þegar liðið hefur kastað keflunum 6, á fyrri liðið aftur leik og allt ferlið er endurtekið. Öllum felldum kubbandum er kastað á vallarhelming móttliðsins. Þeir eru settir í upprétta stöðu og fella verður færanlegu kubbanda á undan grunnlínu kubbandum.

Ef liði tekst ekki að fella alla færanlegu kubbanda, má móttliðið færa grunnlínu sína tímabundið á sama stað og fremsti kubburinn. Þegar sá kubbur er felldur, fer línan aftur til baka á fyrri stað.

Ef grunnlínukubbur er felldur áður en færanlegu kubbandarnir hafa verið felldir, telst það ekki með og kubburinn er réttur við. Þegar liði tekst að fella alla kubbanda á helmingi andstæðinganna, verða þeir að fella kónginn. Tilraunir til að fella kónginn verður alltaf að gera frá grunnlínunum.

Lið verður að eiga a.m.k. 2 kefli eftir áður en það má gera atögu að kónginum. Þetta kemur í veg fyrir að leikurinn sé ráðinn í fyrstu kastumferð.

Ef kóngurinn er felldur áður en búið er að fella alla kubbanda, vinnur móttliðið (það sem ekki kastaði).